

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/61

frá 11. desember 2007

um samþykkt tiltekinna landsáætlana um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* (\*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6100)

(2007/848/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem lýðheilsu stafar af þeim.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006 frá 31. júlí 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1003/2005<sup>(2)</sup> er fastsett markmið Bandalagsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus*, sem hafa áhrif á lýðheilsu, á frumframleiðslustiginu.
- 3) Til þess að ná markmiðum Bandalagsins skulu aðildarríkin koma á landsáætlunum um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

- 4) Tiltekin aðildarríki hafa lagt fram landsáætlanir sínar um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus*.
- 5) Í ljós hefur komið að umræddar áætlanir eru í samræmi við viðkomandi heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir, einkum reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- 6) Því ber að samþykkja umræddar landsáætlanir um varnir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA

1. gr.

Landsáætlanir um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus*, sem aðildarríkin sem skráð eru í viðaukanum lögðu fram, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4.

*VIÐAUKI*

Austurríki  
Belgía  
Búlgaría  
Tékkland  
Kýpur  
Danmörk  
Eistland  
Finnland  
Frakkland  
Þýskaland  
Grikkland  
Ungverjaland  
Írland  
Ítalía  
Lettland  
Litháen  
Lúxemborg  
Holland  
Pólland  
Portúgal  
Rúmenía  
Slóvenía  
Slóvakía  
Spánn  
Svíþjóð  
Breska konungsríkið

---